

GLG-2017-11 Verslun í Grímsey

Umsækjandi er Unnur Ingólfssdóttir. Markmið verkefnis er að tryggja að það verði áfram verslun í Grímsey. Verslun hefur samfelld verið rekin í Grímsey í einhverskonar mynd síðan um aldarmótin 1900 og vill umsækjandi að bilið á milli þeirrar verslunar sem nú er að hætta verði sem minnst. Verslun í Grímsey hefur gífurleg áhrif á lífskilyrði og búsetu í eyjunni, en meðal annars vegna fólksfækkunar mun þurfa að breyta fyrirkomulagi verslunarinnar. Upp hafa komið vangaveltur um hvort einhverskonar pöntunarfélag myndi virka best, eða hvort hægt væri að samtvinna verslunina betur við veitingastaðinn sem er í sama húsnæði. Sótt er um styrk fyrir ráðgjöf varðandi breytingar á rekstrinum og líka fyrir breytingum á húsnæðinu.

Svona verkefni fellur einstaklega vel að markmiðum verkefnisins Glæðum Grímsey, enda ákveðin grunnþjónusta sem um er að ræða.

Verkefninu var úthlutað 1.070.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2017.